

78
10. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði.

1. gr.

Rafveitan á Patreksfirði selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar; þó má rafveitunefnd, með ráði stöðvarstjóra, selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar rekstur stöðvarinnar til ljósa, en þó sjerstaklega þann tíma dags eða árs, sem aflið er ekki notað til ljósa.

3. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 1. ágúst til 15. maí ár hvert, frá þeim tíma dags, er ljósa gerist þörf, og þar til á morgna að vinnubjart er orðið, en ljósnotendum skal þó heimilt að nota ljósin á öðrum tíma, ef rafmagnsvjelin er í gangi.

4. gr.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka strauminn af, að brýn nauðsyn beri til sökum viðgerða eða annara tálmana, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan hleypa straumnum á þræðina svo fljótt sem unt er.

5. gr.

Hver, sem óskar að fá nýja húsveitu, eða láta breyta eldri veitum, skal senda um það skriflega beiðni til formanns rafveitunefndar með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið afl hann vill fá til ljósa eða annarar notkunar. Formaður leitar álits stöðvarstjóra og leggur síðan umsóknina með athugasemdum fyrir rafveitunefndina, sem ákveður, hvort húsveitan eða breytingin skuli leyfð eða ekki. Formaður tilkynnir umsekjanda úrskurð nefndarinnar ekki síðar en viku eftir að umsóknin kom honum í hendur. Pöntun á rafmagni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár.

6. gr.

78

Heimtaugar leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmum alt að 35 10. sept. metrum; það, sem fram yfir er, kostar húseigandi. Sjeu sjerstakir örðugleikar við lagningu heimtaugar, getur rafveitan krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, en ef svo stendur á, skal gera hlutaðeiganda aðvart um það fyrirfram. Raftaugar á bryggjur og aðra staði, þar sem lögnum er hætt við skemdum, sjeu lagðar og haldið við á kostnað hlutaðeiganda.

Aðalkerfi rafveitunnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

7. gr.

Rafveitan leggur til mæla og vör utanhúss gegn hæfilegri leigu. Verði mælar settir í útihús, skal rafveitunni heimilt að taka hærri leigu eftir þá.

8. gr.

Innanhústaugar, lampa og önnur áhöld, skal setja upp á kostnað hlutaðeiganda af löggiltum rafvirkjara. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu rafveitunni viðkomandi, innanhúss eða utan.

9. gr.

Nú hafa raftaugar eða áhöld verið sett í hús eða breyting gerð á eldri lögnum, og má ekki taka húsveituna til afnota fyr en stöðvarstjóri hefir athugað hana og vottað, að hún sje fullnægjandi.

10. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka afl úr rafveitunni nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum tækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur eru í húsi hans eða utan þess. Verði uppvíst, að rafmagn sje notað á óleyfilegan hátt, samkvæmt reglugjörð þessari, eða raskað hafi verið mælitækjum, skal hreppsnefnd meta það rafmagn, sem notað hefir verið ólöglega, og skal hinn brotlegi gjalda fyrir það þrefalt verð eftir gjaldskránni, fyrir allan þann tíma, sem liðinn er frá síðustu skoðun og þar til leiðrjett er, nema þyngri refsing liggi við. Við endurtekning skal rjúfa samband við rafveituna og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim brotlega.

11. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber skylda til að sjá um það eftir mætti, að rafmagnstæki hans sjeu ætíð í góðu lagi. Komi ólag á þau, skal hann tafarlaust tilkynna það rafveitunefnd. Rafmagnsnotandi ber ábyrgð á vörum innan-

78 húss. Verði rafmagn notað til suðu eða hitunar, ber að gæta þess, að eldhætta
10 sept stafi ekki af áhöldunum.

12. gr.

Rafveitunefndinni er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna áhöld, sem að áliti rafveitunefndar eða stöðvarstjóra eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri stöðvarinnar.

13. gr.

Stöðvarstjóri og rafveitunefnd eða einstakir menn úr nefndinni skulu ætíð hafa frjálstan aðgang að rafleiðslum eða áhöldum, sem eru í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að rannsaka, hvort alt sje í góðu lagi.

14. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugjörð þessari, eða virðir að vettugi bann eða fyrirskipanir rafveitunefndar, skal þá stöðvarstjóra heimilt að slíta sambandinu við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki rafveitunefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

15. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir á hendi þriggja manna nefnd, sem hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn; gengur einn maður úr nefndinni árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, og er kosið í þeirra stað. Stjórnin kýs sjer formann og fjehirði. Rafveitunefnd haldi gjörðabók, sem í sjeu skráðar allar fundargjörðir og ályktanir, er nefndin gerir. Skal hreppsnefnd ávalt vera heimill aðgangur að bókum nefndarinnar.

Stöðvarstjóri á rjett á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en atkvæðisrjett hefir hann ekki, nema hann sje í nefndinni. Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirmælum rafveitunefndar.

16. gr.

Rafveitunefndin annast innheimtu á gjöldum stöðvarinnar. Hún hefir alla reikningsfærslu á hendi og greiðir gjöld stöðvarinnar, ræður menn til vinnu og sjer um, að nægilegt efni sje altaf fyrir hendi, hefir eftirlit með rekstri stöðvarinnar og framkvæmd á öllu, sem ekki er öðruvísi skipað fyrir um í reglugjörð þessari, semur ársreikning yfir tekjur og gjöld stöðvarinnar við hver árslok og afhendir hann endurskoðunarmönnum, er hreppsnefnd kýs, ekki síðar en 31. janúar. Reikningurinn skal afhentur hreppsnefnd endurskoðaður, ekki síðar en 15. febrúar.

Reikningsár rafveitunnar er sama og hreppsins.

17. gr.

78

Hreppsnefnd semur í samráði við rafveitunefnd gjaldskrá fyrir notkun 10. sept. rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

18. gr.

Sje gjald fyrir rafmagn ekki greitt á rjettum gjalddaga, er heimilt að slíta rafmagnssambandi við hlutaðeigandi notanda, en þó ekki fyrir en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis er afhent honum eða á heimili hans.

Gjöld fyrir rafmagn, leigu á mælum og borgun fyrir vinnu, sem unnin er af hálfu rafveitunnar, svo og efni, er rafveitan hefir selt rafmagnsnotendum, má taka lögtaki.

19. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum þessarar reglugjörðar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má áfrýja til stjórnarráðsins.

20. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, eða gegn reglugjörðum eða reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann. Sektir renna í sveitarsjóð Patrekshrepps.

21. gr.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð um notkun og meðferð rafmagns á Patreksfirði frá 3. okt. 1919, ásamt síðari breytingum og viðaukum við þá reglugjörð.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. október 1926, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.